



---

*Breyting á Aðalskipulagi Dalabyggðar 2020-2032 vegna  
Ólafsdals*

---

Skipulagslýsing

sbr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

11. mars 2024

Skipulagslýsing

Auglýsing



Kynning á  
vinnslustigi

Staðfesting



SKÝRSLA-UPPLÝSINGABLAÐ			
Titill skýrslu: Breyting á Aðalskipulagi Dalabyggðar 2020-2032		Tegund skýrslu: Skipulagslýsing	
Verkheiti: Aðalskipulag Dalabyggðar		Verkaupi: Minjavernd efh.	
Verkefnisstjóri: Óskar Örn Gunnarsson		Verkefnisstjóri/fulltrúi verkkaupa	
Höfundur: ÓÖG	Skýrslunúmer: 1	Verknúmer: DP1601E	Fjöldi síðna:
Útdráttur:			
Lykilorð:			
Staða skýrslu: <input checked="" type="checkbox"/> Í vinnslu <input type="checkbox"/> Drög til yfirlstrar <input type="checkbox"/> Lokið		Dreifing skýrslu og upplýsingablaðs <input checked="" type="checkbox"/> Opin <input type="checkbox"/> Dreifing með leyfi verkkaupa <input type="checkbox"/> Trúnaðarmál	

Útgáfusaga						
Nr.	Höfundur		Rýnt		Samþykkt	
	Nafn	Dags.	Nafn	Dags.	Nafn	Dags
1	Óskar Örn Gunnarsson	3. jan. 2024	Hjörleifur Stefánsson	10.1.2024	Óskar Örn Gunnarson	10.1.2024
2	Óskar Örn Gunnarsson	4. mars 2024	Kristín Una Sigurðardóttir	11.3.2024	Óskar Örn Gunnarson	11.3.2024



## Efnisyfirlit

1. Aðdragandi og markmið .....	6
2. Staðhættir .....	6
3. Staða í skipulagi .....	8
3.1. Tengsl við aðrar áætlanir .....	9
4. Efnistösk skipulagsbreytingar .....	10
6. Umhverfismat .....	13
7. Málsmeðferð og tímaáætlun .....	13
Heimildir .....	15

Mynd 1. Mynd af Ólafsdal sem sýnir fjölda bygginga sem risu í Ólafsdal á tíma skólans frá 1880-1907.

(Mynd: [www.minjavernd.is](http://www.minjavernd.is)) .....

Mynd 2. Tíðni vindátta (%) í Gilsfirði 1997-2009 ( VÍ). .....

Mynd 3. Hluti úr Aðalskipulagi Dalabyggðar 2020-2032. ....

Mynd 4. Hluti úr gildandi deiliskipulagi Ólafsdals. ....





## 1. Aðdragandi og markmið

Sveitarstjórn Dalabyggðar hefur ákveðið að gera breytingu á aðalskipulagi Dalabyggðar sem kemur til vegna ákveðinna áherslubreytinga í Ólafsdal. Afþreyingar- og ferðamannasvæði *AF-10 Ólafsdalur* verður breytt í svæði fyrir verslun og þjónustu *VP-18 Ólafsdalur*. Skipulagssvæðið stækkar lítillega og verður lítið svæði skilgreint á Ólafsdalseyrum sem verður hluti af *VP-18*. Það er hugsað fyrir sjósækna afþreyingu, s.s. báta- og kajaksiglingar. Gert verður ráð fyrir byggingu bátanausta og þjónustuhúss fyrir þá starfsemi. Markmið breytingarinnar er að renna styrkari stoðum undir fyrirhugaða starfsemi í Ólafsdal með fjölbreyttari gisti- og afþreyingarmöguleikum á svæðinu. Við aðalskipulagsbreytingu þessa er áfram lögð mikil áhersla á varðveislu og verndun menningarminja og mikilvægi þeirra í uppbyggingu staðarins. Aðalskipulagsbreytingin er unnin samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010.

### Skipulagslýsing

Í upphafi vinnu að skipulagi tekur skipulagsnefnd sveitarfélags saman skipulagslýsingu fyrir skipulagsverkefnið þar sem gerð er grein fyrir tildrögum skipulagsvinnunnar og hvernig fyrirhugað er að standa að skipulagsgerðinni. Lýsingin er þannig eins konar verkáætlun fyrir skipulagsgerðina. Lýsingin er kynnt opinberlega og almenningur fær rödd í skipulagsvinnunni. Samtímis er leitað umsagnar Skipulagsstofnunar og annarra umsagnaraðila. Helsta markmið skipulagslýsingar er að íbúar og aðrir hagsmunaaðilar, þ.á.m. stjórnvöld, stofnanir og fagaðilar með sérþekkingu á hinum ýmsu sviðum, fái tækifæri til að kynna sér áformin strax í upphafi og geti þannig komið á framfæri athugasemdum og ábendingum um nálgun við skipulagsgerðina, viðfangsefni hennar og helstu forsendur.

## 2. Staðhættir


Ólafsdalur er allvíður og skorinn inn í hálendið suður úr Gilsfirði, á milli Breiðafjarðar og Húnaflóa. Land jarðarinnar nær frá fjöruborði til fjallsbrúna. Gróið land jarðarinnar er í meginatriðum þrenns konar: Á eyrum og á framburði Ólafsdalsár eru brattar þurrlandishlíðar upp til skriðufóta og síðan deiglendi. Norðan við heimatún og syðst í því er þurrlandi á skriðufótum sem mótar landið en milli þessara skriða er deiglendi, þar sem drjúgur hluti túna er. Ekki liggur fyrir nákvæmt gróðurkort af Ólafsdal en skv. grófu gróðurkortu Náttúrufræðistofnunar Íslands er Ólafsdalur gróðurgreindur sem mólendi, graslendi og ræktað land á láglandi og mosagróður í fjallshlíðum. Mikið er um ræktað tún og beðasléttur frá tímum bændaskólans í Ólafsdal, áreyrar eru meðfram Ólafsdalsá og melar sunnan Gullkinnar, en það er syðsti hluti hins ræktaða túns. Utan ræktaðra túna og mela er mikið um mosa- og mólendi, sem í dalsbotninum getur verið talsvert blautt.

Sögulegt gildi Ólafsdals er mikið. Þar var fyrsti búnaðarskóli á Íslandi stofnaður af hjónunum Torfa Ólafssyni og Guðlaugu Zakaríasdóttur árið 1880 og var hann starfræktur til ársins 1907. Á tíma skólans reis fjöldi bygginga í Ólafsdal, þar á meðal skólahúsið sem enn stendur, en það var byggt árið 1896. Þá voru einnig byggð smiðja, mjólkurhús og tóvinnuhús.

Minjavernd ehf. gerði á haustdögum 2015 samkomulag við ríkissjóð sem fólst í að félagið endurreisir byggingar og hefur umsjón með menningarlandslagi á svæðinu, en ríkissjóður afsalaði í þessu skyni 57,5 hektara landspildu til félagsins. Samkomulagið fól m.a. í sér að Minjavernd tók að sér að endurbyggja gamla skólahúsið og önnur þau hús sem enn standa uppi að einhverju leyti svo og að byggja ný hús í stað þeirra sem horfin eru. Eru húsin ætluð fyrir menningar- og náttúrutengda ferðaþjónustu. Í bígerð er samkomulag við ríkissjóð um stækkun þess lands sem Minjavernd hefur umsjón með.



Mynd 1. Mynd af Ólafsdal sem sýnir fjölda bygginga sem risu í Ólafsdal á tíma skólans frá 1880-1907. (Mynd: [www.minjavernd.is](http://www.minjavernd.is))



Mynd 2. Tíðni vindátta (%) í Gilsfirði 1997-2009 (VÍ).



Vegagerðin rak sjálfvirka veðurstöð á Kaldrana við Gilsfjörð á árunum 1997 til 2009. Mælingar sýna að þar er austnorðaustanátt út fjörðinn ríkjandi og hvassviðri koma úr norðaustri til austnorðausturs. Ólafsdalur liggur nær þvert á Gilsfjörð og því má gera ráð fyrir töluvert annarri tíðni vindátta þar (Veðurstofa Íslands, 2015). Staðkunnugir í Ólafsdal segja að vindhviður úr suð-austri séu algengar í dalnum.

Í dag eru innan svæðisins 11 byggingar og byggingarmagn alls 1276 m<sup>2</sup>.

### 3. Staða í skipulagi

Í gildandi aðalskipulagi er svæðið skilgreint á eftirfarandi hátt:


#### Afþreyingar og ferðamannasvæði - Sértek ákvæði

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
AF-10	Ólafsdalur (15,3 ha)	Svigrúm fyrir menningartengda ferðapjónustu í tengslum við enduruppbyggingu Ólafsdalsskóla. Heimild til viðhalds mannvirkja og enduruppbyggingu fallinna bygginga. Svigrúm fyrir safnastarfsemi og starfsemi fræðaseturs. Svæðið er innan hverfisverndarsvæðis HV-7 og skal öll uppbygging taka mið af ákvæðum hennar (kaflí 18.4).

#### Hverfisvernd - Sértek ákvæði

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
HV-7	Ólafsdalur í Gilsfirði (701,6 ha)  Menningarlandslag og mannvirki búnaðarskólans ásamt útihúsum  Svæðið í heild hefur mikið menningarsögulegt gildi	Vernda skal svæðið sem landslagsheild. Áhersla verði á aukna vitund og fræðslu m.t.t. sögu og náttúru svæðisins. Öll uppbygging skal vera í sátt við menningarlandslag og stuðla að varðveislu minjaheildar. Uppbygging skal taka mið af menningarlandslagi og minjum á svæðinu. Einkum skal horft til tímabilsins í kringum aldamótin 1900. Mannvirki sem tengjast rekstri og sögu Búnaðarskólans í Ólafsdal skulu varðveitt eins og kostur er. Heimilt er að endurbyggja fallin mannvirki og endurbæta þau sem eru uppstandandi. Vernda skal og halda til haga ummerkjum um búskaparhætti á tímum skólans. Vernda skal náttúrulegt gróðurfar og stuðla að uppgræðslu og skógrækt í sátt við menningarlandslagið. Nákvæm skráning fornleifa skal fara fram áður en ráðist er í byggingar- eða framkvæmdaleyfisskyldar framkvæmdir





Mynd 3. Hluti úr Aðalskipulagi Dalabyggðar 2020-2032.

Í gildi er deiliskipulag Ólafsdals sem var samþykkt árið 2017. Gerðar hafa verið þrjár breytingar á deiliskipulaginu frá samþykkt þess. Gerð verður breyting á deiliskipulagi Ólafsdals til samræmis við breytingu þessa á aðalskipulaginu.

### 3.1. Tengsl við aðrar áætlanir

Við skipulagsgerðina verður gætt að samræmi skipulagsins við aðrar áætlanir, bæði á landsvísu og innan fjórðungsins. Helstu áætlanir og stefnuskiöl eru tilgreind hér að neðan.

#### Landsskipulagsstefna 2015-2026

Landsskipulagsstefna er unnin á grundvelli skipulagslaga og felur í sér stefnu ríkisins í skipulagsmálum og almenn sjónarmið til leiðbeiningar við skipulagsgerð sveitarfélaga.<sup>1</sup> Leiðarljós stefunnar er:

- Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar sé sveigjanlegt og stuðli að seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að lífsgæðum fólks.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar styðji samkeppnishæfni landsins alls og einstakra landshluta.

Aðalskipulagsbreytingin tengist einkum þeirri stefnu sem mörkuð er um búsetumynstur og dreifingu byggðar og skipulag í dreifbýli. Eftirfarandi áherslur eru einnig settar fram í stefnunni:

#### SKIPULAG Í DREIFBÝLI

*Skipulag í dreifbýli gefi kost á fjölbreyttri nýtingu lands, svo sem til ræktunar, ferðaþjónustu og útivistar, í*

<sup>1</sup> Skipulagsstofnun 2016



sátt við náttúru og landslag.

*Skipulag með tilliti til náttúruvár og loftslagsbreytinga:* Skipulag landnotkunar stuðli að öryggi almennings gagnvart náttúruvá og loftslagsbreytingum.

*Umhverfis- og menningargæði:* Skipulag landnotkunar stuðli að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi.

*Samkeppnishæf samfélög og atvinnulíf:* Skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að samkeppnishæfni og eflingu samfélags og atvinnulífs.

Náttúruminjaskrá og náttúruverndaráætlun<sup>2</sup>

Náttúruminjaskrá er listi yfir öll friðlýst svæði á Íslandi og mörg önnur merkileg svæði sem hafa ekki enn verið friðlýst. Aðalskipulagsbreytingin nær ekki til svæða sem tilheyra náttúruminjaskrá.

Landslagssamningur Evrópu<sup>3</sup>

Vorið 2019 samþykkti ríkisstjórn Íslands að fullgilda Evrópska landslagssamninginn. Markmið samningsins eru m.a. að efla vernd landslagsgerða, bæta umsjón og skipulag með tilliti til landslags. Samningnum er ætlað að tryggja að íbúar hafi aðgang að og tækifæri til að njóta fagurs landslags.

Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018-2030<sup>4</sup>

Sameiginleg áætlun Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar um byggðarþróun m.t.t. landbúnaðar, sjávarnytja og ferðaþjónustu, var staðfest af skipulagsstofnun staðfesti 5. júní 2018 í samræmi við skipulagslög og auglýsing um gildistöku var birt í Stjórnartíðindum 19. júní sl.

Áfangastaðaáætlun Vesturlands 2021-2023<sup>5</sup>

Áfangastaðaáætlun er stefnumótandi áætlun um áherslur, uppbyggingu og þróun ferðamála á tilteknu landsvæði og skilgreindu tímabili. Áætlunin er gerð að frumkvæði stjórnvalda, en unnin af stoðþjónustu ferðamála á umræddu svæði, í samstarfi við sveitarfélög, heimafólk og hagaðila á hverjum stað.

Áætlunin stuðlar þannig að jákvæðum framgangi ferðamála, samræmdri uppbyggingu innviða og virkri vörubrúun, en er einnig góður grunnur aukinni samkend, samráði og samstarfi.

Fyrsta Áfangastaðaáætlun Vesturlands kom út í upphafi árs 2019 (ÁSÁ.Vest. 2018-2020). Þar er ýtarleg greining á sérstöðu svæðisins og þróun ferðamála í landshlutanum. Sú greining sem þar er stendur enn vel fyrir sínu. Því er hún nýtt áfram sem grunnurinn að þeirri áfangastaðaáætlun sem gefin var út um síðustu áramót og verður höfð að leiðarljósi við þróun og uppbyggingu ferðamála á Vesturlandi næstu þrjú ár 2021-2023.

#### 4. Efnistöð skipulagsbreytingar

Skipulagsbreytingin mun taka á eftirfarandi atriðum:

Í breyttu aðalskipulagi verður skilgreiningu afþreyingar- og ferðamannasvæðisins *AF-10 Ólafsdalur* breytt í verslunar- og þjónustusvæði *VP-18 Ólafsdalur*. Svæðið verður stækkað lítillega á Ólafsdalseyrum sem verður hluti af *VP-18*. Svæðið er innan Hverfisverndarsvæðis *HV-7 Ólafsdalur í Gilsfirði (701,6 ha)* og lýtur ákvæðum þess sem eru óbreytt.

Nánari skilmálar verða settir fyrir svæðið, núverandi og viðbótarbyggingarmagn skilgreint og settir

<sup>2</sup> Náttúrufræðistofnun, 2023

<sup>3</sup> Council of Europe Landscape Convention.

<sup>4</sup> Svæðisskipulag fyrir Dalabyggð, Reykhólahrepp og Strandabyggð 2018-2030.

<sup>5</sup> Áfangastaðaáætlun Vesturlands 2021-2023



skilmálar um uppbyggingu á gistirúmum. Hámarksfjöldi þeirra gesta sem gist geta samtímis í Ólafsdal skuli vera 100 manns auk starfsfólks.

Verslunar- og þjónustusvæði VP-18 Ólafsdalur verður endurreistur sem ferðamannastaður þar sem náttúra og menningarminjar í Ólafsdal eru það aðdráttarafli sem rekstur staðarins hvílir á. Leitast verður við að haga uppbyggingu svæðisins og rekstri þannig að til hagsbóta verði fyrir nærsamfélagið. Svæðið verður opið almenningi. Heimilt verði að reka gistipjónustu í flokki IV og veitingastað í flokki II og verða þær heimildir frekar skilgreindar í deiliskipulagi.

Heimilt er að halda við og endurbæta mannvirki, breyta þeim og breyta notkun þeirra svo þau henti sem best til rekstar staðarins. Heimilt er að reisa ný hús í stað horfinna bygginga og gefa þeim hlutverk sem henta rekstri ferðamannastaðar. Svigrúm er fyrir safnastarfsemi og starfsemi fræðaseturs. Yfirbragð staðarins skal bera vitni um Ólafsdalsskólann þegar rekstur hans stóð í blóma og allar viðbætur skulu taka mið af staðarandanum sem þá mótaðist þótt þær gegni nútíma hlutverki. Innan svæðisins er heimilt að koma upp tjaldsvæði með tilheyrandi þjónustumannvirkjum s.s. salerni- og þjónustu sem og minniháttar gistingu í flokki II. Í gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir gistingu í uppbyggðu tóvinnuhúsi. Innan svæðis er heimilt að endurbyggja stíga og vegi.

Til viðbótar verður skilgreindur reitur með sama númeri (VP18) á Ólafsdalseyri þar sem heimilt verður að vera með menningartengda ferðaþjónustu og mun fá frekari skilgreiningu í deiliskipulagsbreytingunni og er lýst betur hér að neðan um þær breytingar sem munu eiga sér stað á deiliskipulaginu.

Eftirfarandi er tillaga að skilgreiningu í aðalskipulagi:

#### Verslun og þjónusta - Sértek ákvæði

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
VP-18	Ólafsdalur (15,3 ha)	<p>Svigrúm fyrir gististaði í flokki II og IV, sbr. reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, með allt að 100 gistirúm, og veitingastað í flokki II.</p> <p>Svigrúm fyrir náttúru- og menningartengda ferðaþjónustu í tengslum við enduruppbyggingu Ólafsdalsskóla. Heimild til viðhalds mannvirkja og enduruppbyggingu fallinna bygginga. Uppbyggingu svæðisins og rekstri skal hagað þannig að til hagsbóta verði fyrir nærsamfélagið og svæðið vera opið almenningi. Svigrúm fyrir safnastarfsemi og starfsemi fræðaseturs.</p> <p>Á Ólafsdalseyrum er svæði fyrir sjósækna afþreyingu í tengslum við menningartengda ferðaþjónustu og enduruppbyggingu Ólafsdalsskóla. Heimild er til uppbyggingar nýrra mannvirkja, svo sem bátanausta og þjónustuhúss sem styður við rekstur á menningar- og náttúrutengdri ferðamennsku.</p> <p>Hámarks byggingarmagn er 2500 m<sup>2</sup>.</p> <p>Svæðið er innan hverfisverndarsvæðis HV-9 og skal öll uppbygging taka mið af ákvæðum hennar (kafla 18.4).</p>



Mynd 4. Hluti úr gildandi deiliskipulagi Ólafsdals.

Samhliða breytnu á aðalskipulagi verður gerð breyting á gildandi deiliskipulagi Ólafsdals í því skyni að byggðin í Ólafsdal verði fýsileg rekstareining og henti sem best til þjónustu við menningar- og náttúrutengda ferðamennsku. Markmið um varðveislu minja um sögu Ólafsdalsskóla og starfsemi hans haldast óbreytt.

**Breytingar á deiliskipulagi sem stefnt er að eru þessar:**

1. Lega aðkomuvegar á uppdrætti samræmd núverandi staðsetningu hans.
2. Löggun byggingarreits 300 (fjóshlaða, hesthús) breytt vegna landhalla og staðsetningar aðkomuvegar.
3. Byggingareitur 1265 (fjárhús- og hlöðutóftir) sunnan Háavallar; heimilt verður að reisa hús fyrir húsdýr, t.d. hesta, geitur, sauðfé og hænsn.
4. Skilgreiningu reita 435 (fjárhús, fjárhúshlaða, hrútakofi, hænsnakofi) og 139 breytt. Heimilt verður að reisa hús sem styðja við rekstur á þjónustu og ferðamennsku, t.d. fyrir aðstöðu starfsmanna og/eða gistingu/samkomuhald.
5. Byggingarreitum verður fjölgað um tvo. Sunnan við Haughúsið, þar sem áður var stórt fjárhús með hlöðu, verður byggingarreitum sem teygir sig suður eftir götunni. Þar verður heimilt að reisa lítill einnar hæðar gistihús með risi af breytilegri stærð og löggun, með allt að þremur íbúðum í hverju húsi.



6. Á Ólafsdalseyri við mynni Ólafsdals var áður allstórt fjárhús með hlöðu, en sjáanleg ummerki eru ekki lengur fyrir hendi. Þar verður bætt við byggingarreit sem ætlaður er fyrir naust, bátaskýli og búnað sem styður við rekstur á menningar- og náttúrutengdri ferðamennsku. Byggingarreiturinn er staðsettur á uppdrættinum þannig að hann raski ekki minjum gamalla húsa, en þar sem staður þeirra er ekki að fullu ljós verður heimilt að hnika byggingareitnum til ef þörf krefur. Því þarf að stækka skipulagsvæði núgildandi deiliskipulags þar sem gert verður ráð fyrir nýjum byggingarreit á Ólafsdalseyri.

## 5. Umhverfismat

Aðalskipulagsbreytingin felur í sér framkvæmdir á verndarsvæði og fellur því undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 (sbr. iii. lið 2. tölul. 2. viðauka). Með breytingunni er ekki mörkuð stefna um framkvæmd sem kann að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Við gerð aðalskipulags og breytinga þess skal, skv. gr. 4.4 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, meta líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti skipulagsins sjálfs. Svo sem á vistkerfi, auðlindir, landslag, ásýnd, útsýni, hljóðvist, loftgæði, hagkvæmni, veðurfar, varðveislugildi og svipmót byggðar og einstakra bygginga o.fl. umhverfisþætti eftir því sem efni skipulagsins gefur tilefni til. Matið felst í verklagi sem beitt er til að stuðla að umhverfisvernd og sjálfbærri þróun við gerð skipulags og draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmda, skv. Lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Umhverfismatið felur í sér mat á líklegum áhrifum þeirrar stefnu sem sett er fram. Þeir umhverfisþættir sem metnir verða eru settir fram í töflu 1.

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNING	VIÐMIÐ
Ásýnd og landslag	Áhrif á ásýnd og landslag	Landsskipulagsstefna 2015-2026.
Menningarminjar	Áhrif á menningarminjar	Stefna í aðalskipulagi og lög um menningarminjar nr. 80/2012. Landsskipulagsstefna 2015-2026.
Verndarsvæði	Áhrif á hverfisverndarsvæði	Stefna í aðalskipulagi. Landsskipulagsstefna 2015-2026.
Samfélag	Áhrif á atvinnulíf og áhrif á íbúapróun og styrkingu byggðar	Stefna í aðalskipulagi. Landsskipulagsstefna 2015-2026.

Tafla 1. Umhverfisþættir sem metnir verða í umhverfismati.

## 6. Málsmeðferð og tímaáætlun

Málsmeðferð verður í samræmi við ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010.

Lýsing þessi verður kynnt almenningi og öðrum hagsmunaaðilum í mars 2024 og send Skipulagsstofnun til umsagnar.

Aðrir umsagnaraðilar eru:

- Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
- Minjastofnun Íslands
- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Ferðamálastofa

Ábendingar sem berast við kynningu lýsingar verða hafðar til hliðsjónar við gerð tillögu að breyttu aðalskipulagi en verður ekki svarað með formlegum hætti. Kynningartími lýsingar er tvær vikur.



Tillaga á vinnslustigi verður kynnt síðar og gefst þá aftur kostur á að koma á framfæri ábendingum. Að lokinni kynningu á vinnslustigi verður tillagan fullunnin og lögð fyrir sveitarstjórn sem tekur ákvörðun um auglýsingu hennar. Tillagan verður síðan send Skipulagsstofnun til athugunar fyrir auglýsingu.

Tillagan ásamt breytingu á deiliskipulagi verður auglýst í víðlesnu dagblaði, héraðsblaði og á vef sveitarfélagsins ([www.dalir.is](http://www.dalir.is)) og mun liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins. Tillagan verður send umsagnaraðilum og gefinn sex vikna frestur til að koma á framfæri skriflegum athugasemdum. Athugasemdum sem berast á auglýsingatíma verður svarað með formlegum hætti.

Að auglýsingatíma liðnum verður tillagan afgreidd í sveitarstjórn, með breytingum sem athugasemdir kunna að gefa tilefni til og send Skipulagsstofnun til yfirferðar og staðfestingar.

Staðfest aðalskipulagsbreyting tekur að lokum gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda.



## Heimildir

Landmótun 2017. Deiliskipulag Ólafsdals.

Skipulagsstofnun, 2016. Landsskipulagsstefna 2015–2026 ásamt greinargerð.

Skógræktin, 2022. *Landupplýsingagögn Skógræktarinnar. Ræktað skóglendi á Íslandi*. Sótt 21. nóvember 2022 af <https://www.skogur.is/is/umskograektina/frettir-og-vidburdir/frettir-og-pistlar/skoglendisvefsjaupphaerd>

Verkís 2020. Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032.